

RÍKISENDURSKOÐUN

Landgræðsla ríkisins

Endurskoðun 2020

Endurskoðunarskýrsla

Desember 2021

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Landgræðslu ríkisins fyrir árið 2020.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.


Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Landgræðslu ríkisins var síðast endurskoðaður 2013 vegna ársins 2012.


Efnisyfirlit

Inngangur	2	8	Endurskoðun rekstrarliða	13
1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2020	4	8.1	Rekstrartekjur	13
2 Ábendingar og athugasemdir	5	8.2	Rekstrarkostnaður	13
3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum	6	8.3	Niðurstöður	15
3.1 Viðbrögð Landgræðslu ríkisins	6	9	Endurskoðun efnahagsliða	16
4 Áhættumat og mikilvægi	7	9.1	Efnahagsreikningur	16
5 Fjárveiting og rekstur	8	9.2	Eignir	16
5.1 Fjárveitingar	8	9.3	Eigið fé og skuldir	17
5.2 Rekstraráætlun	9	9.4	Niðurstöður/ábendingar	17
5.3 Niðurstaða	9	10	Önnur atriði	18
6 Innra eftirlit	10	10.1	Ársreikningur og staðfestingarbréf	18
6.1 Inngangur	10	10.2	Óhæðisyfirlýsing	18
6.2 Umfjöllun	10	11	Fylgiskjal 1: Umbótaáætlun	19
6.3 Niðurstöður/ábendingar	11			
7 Fylgni við lög og reglur	12			
7.1 Inngangur	12			
7.1 Umfjöllun	12			
7.2 Niðurstöður	12			

1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2020



Eigið fé í lok árs



2 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi athugasemdum og ábendingum:

1

Fjárveiting og rekstur

Afkoma ársins vegna rekstrar var neikvæð um 94,6 m.kr. á árinu 2020. Samkvæmt skýringum stofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis skýrist frávik að mestu leyti af rangri flokkun fjárheimilda en fjárveiting til fjárfestinga að fjárhæð 75 m.kr. sem ætluð var til varna gegn landbroti var ranglega flokkuð sem fjárfestingarheimild. Fallist er á þá skýringu en ekki er um að ræða eignfærslu í bókhaldi stofnunarinnar vegna aðgerða sem ráðist var í á árinu við varnir gegn landbroti. Rekstrarhalli ársins 2020 var því í raun lægri sem þessu nemur og sömuleiðis staða ónotaðrar fjárveitingar til fjárfestingar í árslok 2020.

2

Innra eftirlit

Lagt er til að unnið verði í að bæta innra eftirlitsumhverfi stofnunarinnar. Tryggja þarf aðgreiningu starfa sem snúa að fjárreiðum, bókhaldi og launavinnslu. Fara þarf yfir og skjalfesta helstu verkferla sem snúa að fjármálum m.a. að verkferlum sem snúa að tekjum og tekjuinnheimtu. Formfesta þarf samanburð áætlunar við rauntölur innan ársins og fara þarf reglulega yfir aðgangsheimildir starfsmanna að einstökum kerfum í bókhaldi stofnunarinnar og loka óviðeigandi aðgangi.

3

Endurgreiddur virðisaukaskattur

Skoða þarf fyrirkomulag á endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðkeyptri þjónustu og gera upp endurgreiðslur vegna árána 2020 og 2021.

3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

3.1 Viðbrögð Landgræðslu ríkisins

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Landgræðslu ríkisins vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar eru vegna endurskoðunar ársins 2020, sjá kafla 2.

„Landgræðslan þakkar Ríkisendurskoðun gagnlegar ábendingar og athugasemdir sem fram komu við endurskoðun á rekstri stofnunarinnar. Viðbrögð Landgræðslunnar við ábendingum og athugasemdum eru eftirfarandi:“

1 Fjárveiting og rekstur

„Eins og fram kemur í ábendingu 1. *Fjárveiting og rekstur* er afkoma ársins 2020 vegna rekstrar sögð neikvæð um 94,6 m.kr. Fram kemur að skýringin er röng flokkun fjárheimilda en fjárveiting til fjárfestinga að fjárhæð 75 m.kr. sem ætluð var til varna gegn landbroti var ranglega flokkuð sem fjárfestingarheimild.

Afkoma ársins vegna rekstrar var því neikvæð um 19,6 m.kr. en ekki 94,6 m.kr. og eigið fé í árslok því jákvætt um 23,4 m.kr.“

2 -3 Innra eftirlit og virðisaukaskattur

„Ábendingar 2 og 3 snúa að *Innra eftirliti*. Lagt er til að unnið verði í að bæta innra eftirlitsumhverfi stofnunarinnar, tryggja aðgreiningu starfa sem snúa að fjárreiðum, bókhaldi og launavinnslu og loka óviðeigandi aðgangi að vinnslu og reikningum.

Landgræðslan hefur ekki fjölgað starfsfólki á rekstrarsviði stofnunarinnar í takti við aukið umfang og auknar kröfur. Stofnunin hefur einnig lagt áherslu á að halda störfum heima í héraði í stað þess að vinnan verði færð í miðlæga


vinnslu ríkisins. Landgræðslan hefur sett sér meðfylgjandi áætlun til að koma innra eftirliti stofnunarinnar í viðunandi horf.“

Meðfylgjandi í viðbrögðum Landgræðslunnar fylgir umbótaáætlun sem birtist hér í skýrslu sem *fylgiskjal 1* en um er að ræða nánari útfærslu á því hvernig stofnunin hyggst bregðast við ábendingum og athugasemdum Ríkisendurskoðunar í niðurstöðukafla skýrslunnar og öðrum ábendingum sem fram koma í öðrum köflum skýrslunnar.

4 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi Landgræðslu ríkisins eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Landgræðslu ríkisins sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða 27,5 milljónir króna. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan lesenda reikningskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra

endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemda og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

5 Fjárveiting og rekstur

5.1 Fjárveitingar

5.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting til Landgræðslu ríkisins vegna rekstrar samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2020 nam 1.106,4 m.kr. Þar var gert ráð fyrir 212,7 m.kr. rekstrartekjum og 941,9 m.kr. beinu framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar fékk stofnunin 51 m.kr. viðbótarfjárheimild til flýtingar á framkvæmdum sem ætluð var til margvíslegra verkefna á sviði kolefnisbindingar. Fjárveiting var lækkuð um 2,9 m.kr. í fjárukalögum og framlag vegna afskrifta nam 37,7 m.kr. Endanleg fjárveiting til Landgræðslu ríkisins nam því 1.240,4 m.kr. m.kr. sem fjármögnuð var með 212,7 m.kr. rekstrartekjum og 979,5 m.kr. beinu framlagi úr ríkissjóði.

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2020

Í þús. kr.	Fjárveiting 2020	Rekstur 2020	Frávik 2020	Rekstur 2019
Rekstrartekjur	-212.700	-212.619	-81	-206.213
Launagjöld	603.300	620.792	-17.492	569.318
Önnur rekstrargjöld	407.400	399.645	7.755	393.788
Afskriftir	37.714	37.714	0	27.248
Rekstrartilfærslur	92.800	228.622	-135.822	119.412
Fjármagnstilfærslur	51.000	0	51.000	0
Samtals	979.514	1.074.155	-94.641	903.552

Afkoma ársins hjá Landgræðslu ríkisins var neikvæð um 94,6 m.kr. á árinu sem einkum skýrist af því að tilfærslur og laun voru hærri en ráð var fyrir gert. Rekstrarniðurstaða ársins var 170,6 m.kr. hærri en á fyrra ári sem skýrist fyrst og fremst af hækkun tilfærslna og launa. Samkvæmt upplýsingum í skýrslu forstöðumanns í ársreikningi 2020 og ársskýrslu umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir árið 2020 skýrist neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild fyrst og fremst af rangri flokkun fjárveitinga á árinu 2020 en framlag vegna varna gegn landbroti var ranglega flokkað sem fjárfestingarframlag í flutningi fjárheimildar til stofnunar.

5.1.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Landgræðsla ríkisins fékk 48,2 m.kr. fjárveitingu til fjárfestingar eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2020. Viðbótarheimild til flýtingar á framkvæmdum nam 75 m.kr. og var ætluð til varna gegn landbroti. Eignakaup ársins námu 72 m.kr. að meðtöldum verkum í vinnslu og söluandvirði varanlegra rekstrarfjármuna nam 9,3 m.kr. og voru því 60,5 m.kr. innan fjárfestingarheimilda ársins 2020. Staða fjárfestingarheimildar í lok árs hækkar sem þessu nemur og var 72,2 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 11,8 m.kr. í upphafi þess árs. Eins og fram kemur í kafla 5.1.1 var viðbótarfjárheimild til flýtingar á framkvæmdum að fjárhæð 75 m.kr. ranglega flokkuð sem fjárveiting til fjárfestingar hjá stofnun. Ríkisendurskoðun getur fallist á þá skýringu enda ekki um að ræða eignfærslu á árinu 2020 vegna vinnu við varnir gegn landbroti. Staða ónotaðrar fjárveitingar í árslok var því í raun lægri sem þessi nemur og ætti að vera neikvæð um 2,8 m.kr. í árslok 2020 í stað þess að vera jákvæð um 72,2 m.kr.

5.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Gerð var rekstraráætlun fyrir árið 2020 og var hún færð inn í Orra. Vakin er athygli á nauðsyn þess að áætlun sé rétt út fyllt og að notkun tegundalykla sé viðeigandi fyrir stofnun.

5.3 Niðurstaða

Á árinu var 94,6 m.kr. rekstrarhalli hjá Landgræðslu ríkisins. Uppsafnaður höfuðstóll var neikvæður um 51,6 m.kr. í lok árs 2020. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins (Orra). Ónotuð fjárfestingarheimild í lok árs nam 72,2 m.kr. Eins og fram hefur komið í kafla 5.1.1 og 5.1.2 var viðbótarfjárheimild til flýtingar á framkvæmdum að fjárhæð 75 m.kr. ranglega flokkuð sem fjárfestingarheimild. Rekstrarhalli hjá Landgræðslu ríkisins var því í raun lægri sem þessu nemur svo og staða ónotaðrar fjárveitingar til fjárfestingar í lok árs 2020.

6 Innra eftirlit

6.1 Inngangur

Landgræðslustjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

6.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti Landgræðslu ríkisins voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla og reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Skipurit er til fyrir stofnunina. Til eru skráðar verklagsreglur um jafnlaunakerfi, styrki og aðbúnað, launa- og mannauðsmál en ekki um launavinnsluna. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda sér launafulltrúi um launvinnslu og samþykkir launakeyrlu mánaðar. Ríkisendurskoðun bendir á að æskilegt væri að skjalfest verklagsregla væri til staðar og aðskilja vinnslu launa og samþykki launakeyrlu mánaðar til Fjársýslu ríkisins. Skráðir verkferlar eru til um bókhald og aðrar fjárreiður. Við samþykkt reikninga samþykkja verkefnisstjóri og sviðsstjóri. Samanburður rekstar og rekstraráætlunar er gerður þó ekki með formlegum hætti og bendir Ríkisendurskoðun stofnun á að æskilegt væri að gera slíkan samanburð með formföstum og reglubundnum hætti. Ekki eru til verkferlar varðandi viðskiptakröfur en gerð þeirra eru á áætlun stofnunar. Verkefnastjórar fylla út ákveðið form sem notað er við reikninga útgáfu í AR.

Ríkisendurskoðun hvetur stofnun til að hraða vinnslu og skráningu verkferla vegna innheimtna tekna. Mikilvægt er að allir tekjuskráningarferlar séu skráðir og tryggt sé að allar tekjur séu innheimtar í samræmi við þá.

Landgræðslan nýtir sér þjónustu Ríkiskaupa við stærri innkaup og hefur stofnunin markað sér innkaupastefnu.

Við skoðun á aðgangsheimildum í Orra kom í ljós að í einhverjum tilfellum hafði ekki verið lokað fyrir aðgang hjá starfsmönnum sem höfðu lokið störfum hjá stofnuninni. Einnig er hluti starfsmanna með nokkuð víðtækan aðgang að ýmsum þáttum kerfisins. Ríkisendurskoðun bendir á að æskilegt er að farið sé reglulega yfir aðgangsheimildir starfsmann m.t.t. starfa þeirra og ábyrgðasviðs og einnig að aðgangi sé lokað þegar starfsmenn hætta störfum.

Vegna þess hversu fáir starfsmenn starfa við fjárreiður, bókhald og launavinnslu hefur ekki verið unnt að halda fullkominni aðgreiningu starfa þegar kemur að samþykkt reikninga, bókuar og greiðslu. Ríkisendurskoðun bendir á að í núverandi fyrirkomulagi er veikleiki í innra eftirliti stofnunar og hvetur stjórnendur til að leita leiða til úrbóta

Landgræðslan er ekki í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað við vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu. Viðverukerfið Vinnustund er notað fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna. Eignir eru skráðar í eignaskrárkerfi ORRA.

6.3 Niðurstöður/áþendingar

Endurskoðun á virkni innra eftirlits Landgræðslu ríkisins er án athugasemda og almennt er vel staðið að umsýslu og utan umhaldi gagna. Ríkisendurskoðun leggur þó til að unnið verði að því að bæta eftirfarandi þætti í innra eftirlitsumhverfi Landgræðslunnar:

Ríkisendurskoðun bendir á verklagsreglu vegna vinnslu og samþykkt launa vantar og aðskilja þarf launavinnslu og samþykkt launaafgreiðslu.

Ríkisendurskoðun hvetur stofnun til að formgera samanburð rekstraráætlunar og rekstrar með reglubundnum hætti.

Ríkisendurskoðun bendir á að hraða þarf vinnu við skráningu og skjölun verklagsreglna um innheimtu tekna.

Ríkisendurskoðun bendir stofnun á að fara þarf reglulega yfir aðgangsheimildir starfsmanna í Orra.

Fara þarf yfir aðgreiningu starfa við fjárreiður, bókhald og launavinnslu og leita leiða til úrbóta þannig að full aðgreining náist.

7 Fylgni við lög og reglur

7.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur Landgræðslu ríkisins hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 5. Eftirfarandi þætti voru skoðaðir sérstaklega.

7.1 Umfjöllun

7.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugun á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða.

7.1.2 Risna

Risnureikningar voru skoðaðir án athugasemda.

7.1.3 Opinber innkaup

Verklagsreglur um innkaup fyrir Landgræðsluna eru til staðar og hefur stofnunin mótað sér innkaupastefnu. Landgræðslan nýtir sér þjónustu Ríkiskaupa.

7.1.4 Innkaupakort

Landgræðslan nýtir sér innkaupakort og gilda skriflegar reglur um notkun þeirra. Stofnunin nýtir nokkuð mörg innkaupakort eða 24. Ástæða fjölda korta er að starfsmenn ferðast um landið vegna ýmissa verkefna, hópstjórar eru með innkaupakort vegna sumarvinnu og héraðsfulltrúar eru með

innkaupakort auk stjórnenda. Skoðun á fyrirkomulagi og greiðslum vegna innkaupakorta á árinu 2020 var án athugasemda. Að mati Ríkisendurskoðunar er ástæða til að meta reglulega þörfina á innkaupakortum.

7.1.5 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Taka þarf fyrirkomulag við endurgreiðslu virðisaukaskatts til skoðunar en inneign vegna endurgreiðslu VSK hefur ekki verið gerð upp á árinu 2020 og 2021 auk þess að afstemming á viðskiptareikningi vegna endurgreidds virðisaukaskatts liggur ekki fyrir. Virðisaukaskattur af virðisaukaskattsskyldri starfsemi var uppgerður og greiddur í febrúar 2021.

7.2 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að Landgræðsla ríkisins fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

Ríkisendurskoðun bendir á að skoða þarf fyrirkomulag endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðkeyptri þjónustu og gera upp endurgreiðslur VSK fyrir árin 2020 og 2021.

8 Endurskoðun rekstrarliða

8.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Landgræðslu ríkisins árið 2020 námu 1.192,0 samanborið við 1.043,0 árið áður eða aukning um 149,0 m.kr. á milli ára. Rekstrartekjur skiptast þannig að fjárveiting nam 979,5 m.kr. Aðrar tekjur þ.e. landréttindaleiga og veiðileyfi námu 5,5 m.kr., seld þjónusta nam 48,5 m.kr., framlög og ýmsar tekjur námu 153,1 m.kr., þar af voru 66,7 m.kr. framlög frá ríkisaðilum í A-hluta og 58,4 m.kr. framlög frá einkaaðilum og aðilum utan A-hluta og leigutekjur námu 26,9 m.kr.

Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og skoðun fylgiskjala. Endurskoðun rekstrartekna er án athugasemda.

8.2 Rekstrarkostnaður

Rekstrargjöld þ.m.t. fjármagnstekjur og -gjöld Landgræðslu ríkisins árið 2020 námu 1.286,7 m.kr. samanborið við 1.109,6 m.kr árið áður eða aukning um 177,0 m.kr. á milli ára.

8.2.1 Launakostnaður

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður námu 620,8 m.kr. á árinu 2020 og var það 51,5 m.kr. hækkun frá fyrra ári eða aukning um 9,0%. Ársverk árið 2019 voru 54,2 en 58,0 árið 2020 eða aukning um 7,0%. Hækkun launakostnaðar á árinu að teknu tilliti til aukningar ársverka nam því 1,9%. Við endurskoðun var m.a. tekið úrtak af starfsmannalista og gögn til staðfestingar launagreiðslna skoðuð og borin saman við útborguð laun. Breyting á launaflokkum er skjalfest en í einhverjum tilfellum vantar staðfestingu. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda stendur til að færa

staðfestingar inn í Mannauðskerfi(HR) Orra þar sem staðfesting verður rafræn.

Endurskoðun launa fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og er án athugasemda en vísað er í ábendingu vegna verkferla og aðgreiningar starfa sem kemur fram í kafla 6 um Innra eftirlit.

8.2.2 Framlög og tilfærslur

Tilfærslur Landgræðslunnar námu 228,6 m.kr. á árinu 2020 samanborið við 119,4 m.kr. árið áður eða aukning um 109,2 m.kr. Í töflu 2 er samantekt á helstu verkefnum sem framlög hafa farið til.

Tafla 2 Tilfærslur Landgræðslunnar árið 2020

Í þús. kr.	Opinberir aðilar	Fyrirtæki og atvinnuvegir	Einstaklingar og samtök	Samtals
Landverndarsvið		1.500	9.374	10.874
Uppgræðslur		24.638	543	25.181
Bændur græða landið		11.236	40.918	52.154
Landbótarsjóður	1.318	64.098	27.656	93.072
Rannsóknarverkefni	11.666			11.666
Varnir gegn landbroti		16.880	17.287	34.167
Annað		353	1.155	1.508
Samtals	12.984	118.705	96.933	228.622

Landverndarsvið - Styrkir til bænda og fyrirtækja vegna loftslagsvæns landbúnaðar og endurheimt votlendis.

Uppgræðslur - Samstarfsverkefni vegna plöntukaupa aðallega við Skógræktina og greiðslur vegna áburðardreifingar og plöntunnar.

Bændur græða landið - Um er að ræða samvinnuverkefni Landgræðslu og landeigenda um uppgæðslu heimalanda. Landgræðslan veitir ráðgjöf og styrkir áburðarkaup landeigenda og lætur í té fræ þar sem þess er talinn þörf. Landeigendur sjá um að panta, flytja áburðinn og dreifa honum. Eftirlit með framkvæmd í verkefnunum *Bændur græða landið* og hér á eftir í *Landbótasjóð* var í formi skoðunar starfsmanna Landgræðslunnar en hefur í auknum mæli færst í rafrænt eftirlit með GPS mælingum. Verkefnið hefur verið síðan árið 1990 og er gerð ársskýrsla fyrir hvert ár þar sem farið er yfir styrki, þátttöku, framkvæmd og kostnað.

Landbótasjóður - Sjóðurinn er á vegum Landgræðslunnar sem úthlutar árlega styrkjum úr sjóðnum, en tilgangur þeirra er að færa ábyrgð og framkvæmd landgræðsluverkefna heim í héruð og veita landeigendum, sveitarfélögum, félagasamtökum og öðrum umráðahöfum lands, styrki til landbótaverkefna. Upphæð styrks getur numið allt að 2/3 hluta kostnaðar við vinnu, tæki og kaup á aðföngum. Ársskýrslur eru birtar á heimasíðu Landgræðslunnar þar sem farið er yfir fjármögnun, úthlutun og framkvæmd. Við endurskoðun var úrtak á úthlutun til einstakra verkefna eins og hún er birt í ársskýrslu borin saman fjárhagsbókhald án athugasemda. Mismunur að upphæð 1,5 m.kr. er á milli stöðu í bókhaldi og birtri úthlutun í ársskýrslu Landbótasjóðs. Ástæða þessa mismunar er styrkir eru ekki gjaldfærðir í bókhald fyrr en við greiðslu. Utanumhald styrkja er fært í excel skjöl hjá verkefnastjórum og unnið eftir verkferli.

Við endurskoðun kom fram að megnið að tilfærslum til sveitarfélaga er bókað á tegundir fyrir fyrirtæki og einstaklinga og bendir Ríkisendurskoðun stofnun á að nota beri tilætlaðar tegundir til skráningar í fjárhagskerfi Orra.

Rannsóknarverkefni Samstarfsverkefni Landgræðslunnar og Háskóla Íslands um birki á Skeiðarársandi.

Varnir gegn landbroti – Landgræðslan hefur skv. lögum um varnir gegn landbroti það hlutverk að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum. Auglýst er eftir umsóknum um styrki á opinberum vettvangi.

Aðrir styrkir - Við endurskoðun kom í ljós að styrkir tengdir starfsmönnum höfðu verið færðir á tilfærslur en um er að ræða íþróttastyrki, styrki til skókaupa og styrki til símaкупа. Bendir Ríkisendurskoðun stofnuninni á að færa slíka styrki á þar til ætlaðar tegundir.

Endurskoðun framlaga og tilfærslna fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum, fyrirspurnum, skoðun fylgiskjala og samninga og er án athugasemda.

8.2.3 Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrararkostnaður nam 399,3 m.kr. árið 2020 en var 393,8 m.kr. árið áður eða hækkun um 5,5 m.kr. Helstu kostnaðarliðir voru vörur til landbúnaðar 56,3 m.kr., funda og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta nam 71,6 m.kr., vinnuvélakostnaður nam 114,1 m.kr., verkkaup námu 51,3 m.kr., afnota og leigugjöld námu 27,3 m.kr. og annar rekstrarkostnaður þ.m.t. birgðabreytingar nam 78,7 m.kr.

Afskriftir námu 37,7 m.kr. á árinu 2020.

Endurskoðun annars rekstrarkostnaðar fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

8.2.4 Fjármagnsliðir

Fjármunagjöld námu kr. 209.854 árið 2020. Vaxtatekjur námu kr. 85.007 og vaxtagjöld voru kr. 304.861.

8.3 Niðurstöður

Endurskoðun rekstrarliða Landgræðslu ríkisins er án athugasemda. En Ríkisendurskoðun bendir á að flokka styrki til opinberra aðila á tilætlaðar tegundir í fjárhagskerfi Orra.

Ríkisendurskoðun bendir stofnun á að færa tilfærslur til sveitarfélaga á tegundir sem til þess eru ætlaðar.

Ríkisendurskoðun bendir á stofnun á að færa styrki til starfsmanna á þar til ætlaðar tegundir fremur en á tilfærslur.

9 Endurskoðun efnahagsliða

9.1 Efnahagsreikningur

Í árslok 2020 námu eignir 343,0 m.kr., skuldir námu 394,6 m.kr. og höfuðstóll var neikvæður um 51,6 m.kr.

9.2 Eignir

Eignfærsla fastafjármuna hefur verið gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Eignir eru skráðar í eignaskrákerfi Orra. Afskriftahlutfall er breytilegt milli einstakra flokka eigna.

9.2.1 Fastafjármunir og verk í vinnslu

Fastafjármunir námu 191,2 m.kr. í árslok 2020 en voru 156,9 m.kr. í árslok 2019. Fastafjármunir samanstanda af áhöldum, húsgögnum, tækjum og búnaði 55,2 m.kr., fólks- og stærri bifreiðum, vinnuvélum og öðrum farartækjum 120,5 m.kr., aðrar eignir 11,4 m.kr. og verk í vinnslu sem er vegna malbikunarframkvæmda við Dimmuborgir 4,0 m.kr. Ríkisendurskoðun bendir á að í efnahagsreikningi ársreikningi stofnunar hefur liður um kostnað vegna verka í vinnslu fallið út, heildarupphæð fastafjármuna er rétt en ef upphæðir eru lagðar saman þá vantar liðinn verk í vinnslu í efnahagsreikninginn.

9.2.2 Veltufjármunir

Veltufjármunir í árslok 2020 námu 151,8 m.kr. samanborið við 151,4 m.kr. í árslok 2019. Veltufjármunir samanstanda af birgðum 51,3 m.kr., viðskiptakröfum 29,5 m.kr., kröfum vegna tengdra aðila 61,3 m.kr., öðrum kröfum 0,3 m.kr. og handbæru fé 9,4 m.kr.

Kröfur vegna tengdra aðila samanstanda af 41,3 m.kr. kröfu vegna orlofsskuldbindinga, 11,5 m.kr. kröfu við aðra aðila í A-hluta og inneignar hjá ríkissjóð 8,5 m.kr. Krafa á ríkissjóð vegna orlofsskuldbindinga í árslok 2020 nam 41,3 m.kr. Krafan var færð á árinu 2017 sem áfallin skuldbinding í upphafi þess árs samkvæmt fyrirætlum Fjársýslu ríkisins.

Birgðir samanstanda af fræjum sem unnin eru í Gunnarsholti og eru birgðir metnar á framleiðsluverði. Fulltrúar frá Ríkisendurskoðun voru ekki viðstaddir við birgðatalningu. Við skoðun talningalista kom í ljós að þeir eru ekki undirritaðir og er mælt til þess að birgðalistar séu undirritaðir af starfsmönnum sem sjá um talningu auk þeirra sem bera ábyrgð á framleiðslunni og birgðunum.

Við endurskoðun viðskiptakrafna og annara krafna voru móttæknar greiðslur í ársbyrjun 2021 yfirfarnar án athugasemda. Engin munur var á stöðu viðskiptakrafna í AR og GL í árslok 2020.

Handbært fé nam 9,4 m.kr. í árslok 2020 en var 6,6 m.kr. í árslok 2019. Handbært fé samanstendur innistæðum á þremur bankareikningum en stofnuni er með fjóra skráða bankareikninga hjá Arion banka. Ríkisendurskoðun sendi beiðni til fjögurra bankastofnanna um staðfest yfirlit um viðskipti við embættið og bærust svör við því. Bókhaldi bar saman við staðfest yfirlit hjá bankastofnununum í árslok 2020 að teknu tilliti til óbókaðrar innborgunar sem færð var í bókhaldi í upphafi árs 2021.

9.3 Eigið fé og skuldir

9.3.1 Eigið fé

Höfuðstóll Landgræðslu ríkisins í árslok 2020 var neikvæður um 51,6 m.kr. í árslok 2020 en var jákvæður um 43,0 m.kr. í árslok 2019. Breyting á höfuðstól nemur 94,6 m.kr eða sem nemur tekjuhalla ársins 2020. Viðbótarfjárheimild til flýtingar á framkvæmdum að fjárhæð 75 m.kr. var ranglega flokkuð sem fjárfestingarheimild og var rekstrarhalli hjá Landgræðslu ríkisins því í raun lægri sem því nemur, sjá kafla 5.1.1.

9.3.2 Skuldir

Skuldir námu 394,7 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 265,2 m.kr. í árslok 2019 eða aukning um 129,5 m.kr. milli ára.

Skuldir samanstanda af stöðu við tengda aðila 7,4 m.kr., viðskiptaskuldir 40,8 m.kr., ýmsar skammtímaskuldir 83,0 m.kr. og frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda 263,4 m.kr.

Skuldir við tengda aðila eru útistandandi skuldir Landgræðslunnar við aðrar A-hluta stofnanir. Viðskiptaskuldir jukust um 23,2 m.kr. frá fyrra ári. Ýmsar skammtímaskuldir jukust um 22,3 m.kr. frá fyrra ári, helstu skuldir eru vegna orlofskuldbindinga 64,7 m.kr, skattar 2,2 m.kr. og önnur ógreidd gjöld 16,2 m.kr.

Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga nam 263,4 m.kr. í árslok 2020 en þar af nam ónotuð fjárveiting til fjárfestinga 72,2 m.kr. en staða í árslok 2019 nam 168,6 m.kr. Viðbótarfjárheimild til flýtingar á framkvæmdum að fjárhæð 75 m.kr. var ranglega flokkuð sem fjárveiting til fjárfestingar á árinu 2020 og var því ónotuð fjárveiting til fjárfestingar í raun lægri sem þessu nemur, sjá kafla 5.1.2.

Við endurskoðun voru greiðslur í ársbyrjun 2021 til greiðslu viðskiptaskulda yfirfarnar án athugasemda. Engin munur var á stöðu ógreiddra gjalda í AP og GL í árslok 2020.

9.4 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun efnahagsliða er án athugasemda en eftirfarandi ábendingar eru gerðar

Í framsetningu reikningsskila fyrir árið 2020 hefur liðurinn verk í vinnslu fallið út.

Við skoðun talningalista kom í ljós að þeir eru ekki undirritaðir og er mælt til þess að þeir séu undirritaðir af starfsmönnum sem sjá um talningu auk þeirra sem bera ábyrgð á framleiðslunni og birgðunum.

10 Önnur atriði

10.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf

Landgræðslustjóri undirritaði ársreikning Landgræðslu ríkisins 24. ágúst 2021. Jafnframt var staðfestingarbréf stjórnenda vegna ársreiknings undirritað 25. ágúst 2021.

10.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Landgræðslu ríkisins.

11 Fylgiskjal 1: Umbótaáætlun

Athugasemd	Úrbætur
Innra eftirlit	
Ríkisendurskoðun bendir á verklagsreglu vegna vinnslu og samþykkt launa vantar og aðskilja þarf launavinnslu og samþykkt launaafgreiðslu.	Landgræðslustjóri samþykkir launabunka fyrir launagreiðslu.
Ríkisendurskoðun hvetur stofnun til að formgera samanburð rekstraráætlunar og rekstrar með reglubundnum hætti.	Frá og með áramótum er tekið upp nýtt verklag, þ.e. staða rekstraráætlunar skoðuð áður en innkaup fara fram. Sviðstjórar fara yfir áætlun á fyrsta fundi eftir 20. hvers mánaðar
Ríkisendurskoðun bendir á að hraða þarf vinnu við skráningu og skjölun verklagsreglna um innheimtu tekna.	Fjármálastjóri gerir verklagsreglu fyrir 01.03.2022
Ríkisendurskoðun bendir stofnun á að fara þarf reglulega yfir aðgangsheimildir starfsmanna í Orra.	Fjármálastjóri gerir verklagsreglu fyrir 01.03.2022
Fara þarf yfir aðgreiningu starfa við fjárreiður, bókhald og launavinnslu og leita leiða til úrbóta þannig að full aðgreining náist.	Fá aðstoð FJS við skipulag
Fylgni við lög og reglur	
Ríkisendurskoðun bendir á að skoða þarf fyrirkomulag endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðkeyptri þjónustu og gera upp endurgreiðslur VSK fyrir árin 2020 og 2021.	Fjármálastjóri geri verklagsreglu varðandi eftirlit með vsk bókun og uppgjöri.
Endurskoðun rekstrarliða	
Ríkisendurskoðun bendir stofnun á að færa tilfærslur til sveitarfélaga á tegundir sem til þess eru ætlaðar.	Með breyttum verkferli á skráningu styrkja og samninga, færast stýring á bókun á styrkþegan þegar hann er skráður.
Ríkisendurskoðun bendir á stofnun á að færa styrki til starfsmanna á þar til ætlaðar tegundir fremur en á tilfærslur.	Fjármálastjóri yfirfer handfærðar bókanir í kostnaðarskýrslum til að tryggja rétta bókun.
Endurskoðun efnahagsliða	
Í framsetningu reikningsskila fyrir árið 2020 hefur liðurinn verk í vinnslu fallið út.	Skoða með FJS. Skoða sundurliðun í ársreikningi, vantar línu
Við skoðun talningalista kom í ljós að þeir eru ekki undirritaðir og er mælt til þess að þeir séu undirritaðir af starfsmönnum sem sjá um talningu auk þeirra sem bera ábyrgð á framleiðslunni og birgðunum.	Verkferli varðandi talningu birgða verður bætt og tryggt að starfsfólk og ábyrgir stjórnendur staðfesti talningu.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448 8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is